

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 13. nóvember kl. 09:00 var haldinn 1873. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Húsasmiðjunnar ehf., kt. 551211-0290, dags. 6. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir söluturni með forpökkuðum matvælum (Húsasmiðjan og Blómaval) að Skútuvogi 16, F2020946, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
2. Lögð fram umsókn Húsasmiðjunnar ehf., kt. 551211-0290, dags. 6. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir söluturni með forpökkuðum matvælum (Húsasmiðjan í Grafarholti) að Vínlandsleið 1, F2276628, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
3. Lögð fram umsókn Zentra ehf., kt. 640225-0410, dags. 21. október 2025, um starfsleyfi fyrir söluturni með þeytingum og skálum með ávöxtum, grænmeti, korni, mjólkurvörum og sambærilegu, kaffi, samlokum og súpu (Nútrí Health Bar) að Háaleitisbraut 58, F2014632, rými 01 0109. Samlokur og súpur koma tilbúnar til hitunar á staðinn. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
4. Lögð fram umsókn Kobe ehf., kt. 620923-0950, dags. 2. desember 2024 um starfsleyfi fyrir veitingastað/skyndibitastað/veitingastofu og söluturni (Bitahöllin) að Stórhöfða 15 F2266096, rými 01 0302. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
5. Lögð fram umsókn Kobe ehf., kt. 620923-0950, dags. 11. nóvember 2025, um skráningu á veitingastað (Bitahöllin) að Stórhöfða 15, F2266096, rými 01 0302. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
6. Lögð fram umsókn HÍH Verktaka ehf., kt. 510523-2610, dags. 10. nóvember 2025, um skráningu á niðurrifi á asbesti í dúkalími í húsnæði við Drápuhlíð 21, F2030256, rými 01 0201. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
7. Lögð fram umsókn Egilshallarbíós ehf., kt. 471268-0389, dags. 9. október 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir kvikmyndahús (Egilshallarbíó) að Fossaleyni 1, F2307183, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

8. Lögð fram umsókn Lynspa 2 ehf., kt. 670323-0130, dags. 25. apríl 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Lynspa 2) að Skipholti 25, F2012313, rými 01 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
9. Lögð fram umsókn Ís-grills ehf., kt. 600819-1430, dags. 3. nóvember 2025, um leyfi til tóbakssölu (Prinsinn) að Þönglabakka 6. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 09:30

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson